

Mál nr. 25/2015

M
og
vátryggingafélagið V v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B
og
vátryggingafélagið V v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A.

Árekstur á Nýbýlavegi í Kópavogi austan Furugrundar hinn 13.10.2014.**Gögn.**

1. Málskot, móttakið 19.1.2015, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf V dags. 9.2.2015, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Árekstur varð með fjórum bifreiðum, A, B, C og D, sem öllum var ekið austur Nýbýlaveg. D mun hafa verið ekið fremst og verið kyrrstæð vegna umferðar. Næst kom C og ökumaður hennar mun hafa náð að stöðva fyrir aftan D. Þá kom B og skall aftan á C sem við það kastaðist aftan á D. Loks rakst A aftan á B sem við það skall aftur aftan á C. Bjart var af degi og þurrt færi þegar áreksturinn varð. Lítið tjón er sagt hafa orðið á D og A en mikið á B og C.

Ökumaður A kvaðst hafa ekið á 40-45 km hraða á klst. og skyndilega séð bifreiðar sem voru kyrrstæðar fyrir framan hann. Hann hafi reynt að hemla en ekki náð að stöðva og lent aftan á B.

Ökumaður B kvaðst hafa ekið á 40-50 km hraða á klst. á eftir C sem hafi verið hemlað snögglega. Hann hafi ekki náð að hemla í tæka tíð og því ekið aftan á C. Þá hafi verið ekið aftan á B þannig að hún kastaðist aftur á C.

Ökumaður C kvaðst hafa ekið á litlum hraða á eftir D. Skyndilega hafi hann tekið eftir að búið var að stöðva D og hann hafi því þurft að nauðhemla. Þegar C var orðin kyrrstæð hafi hann heyrt hemlahljóð fyrir aftan sig og í kjölfarið heyrt skell. Síðan hafi verið ekið aftan á C. Þá hafi hann heyrt annan skell.

Álit.

Eins og málið liggur fyrir snýst ágreiningur, sem hér er til úrlausnar, einvörðungu um sakarskiptingu á milli ökumanna A og B, þ.e.a.s. að hve miklu leyti tjón á B skuli bætt úr ábyrgðartryggingu A. Eins og fyrr segir skall B aftan á C með þeim afleiðingum að C skall aftan á D. Ætla má að höggið sem þá varð á milli B og C hafi verið nokkuð þungt. Hvorki frásagnir ökumanna né önnur málsgögn sýna fram á annað. Þótt B hafi skolið að nýju aftan á C við það að A var ekið aftan á B er ósannað skv. gögnum málsins að við þann árekstur hafi meira tjón orðið framan á B en þegar hafði orðið við fyrri áreksturinn. Ökumaður A ber ábyrgð á tjóni aftan á B, en ökumaður B ber alla ábyrgð á tjóni framan á B.

Niðurstaða.

Tjón aftan á B bætist úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar A. Ökumaður B ber einn ábyrgð á tjóni framan á B.

Reykjavík, 3. mars 2015.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.